

200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar

Á þessu ári verður haldið upp á 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar með veglegum hætti. Sérstök afmælisnefnd sem menntamálaráðherra skipaði undir forystu Halldórs Blöndal alþingismanns hefur unnið ótullega að undirbúningi fjölbreyttrar dagskrár vegna þessa. Nefndin stendur fyrir og styrkir fjölda verkefna af þessu tilefni. Þannig verður efnt til sýninga um skáldið, náttúrufræðinginn og manninn Jónas Hallgrímsson, sem verða settar upp á Akureyri, í Kaupmannahöfn og í Reykjavík, en fyrsta sýningin hófst í Amtsbókasafninu 21. mars sl. Einnig hefur verið settur upp sérstakur vefur um skáldið (www.jonashallgrimsson.is), gerð verður heimildamynd um líf og starf Jónasar, gefin út bók með ritgerðum um hann, Háskóli Íslands mun efna til sérstakrar ráðstefnu um Jónas, og haldin verður

sérstök ritgerðasamkeppni í skólum. Einnig verður efnt til sérstakra hátíðarhalda í Danmörku m.a. með sérstakri ferð fyrir Íslendinga þangað í byrjun september.

Sýningar og tónleikar verða af þessu tilefni í heimasveit Jónasar, í Eyjafirði, þar sem m.a. verður opnuð minningarstofa um Jónas að Hrauni í Öxnadal. Loks verður sérstök hátíðarsamkoma á vegum nefndarinnar 16. nóvember 2007, á fæðingardegi Jónasar og degi íslenskrar tungu, svo nefnd séu nokkur af þeim fjölbreyttu verkefnum sem framundan eru.

Menntamálaráðuneyti hefur ráðið Svein Einarsson sem verkefnisstjóra til að starfa með afmælisnefndinni til að sinna verkefnum sem tengjast 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar.



Fjar- og dreifnám í framhaldsskólum og grunnskólum

Niðurstöður samantektar um fjar- og dreifnám í framhaldsskólum og grunnskólum hér á landi benda til að stöðugt aukist framboð á námi sem ýmist er hægt að taka í fjarnámi eða með dreifnámi (sem er blanda af staðbundnu námi og fjarnámi). Samantektin var unnin í janúar 2007 á vegum starfshóps um fjar- og dreifnám. Haft var samband við alla framhaldsskóla og nokkra grunnskóla sem vísbendingar voru um að bjóði upp á fjar- eða dreifnám.

Í ljós kom að 27 af 30 framhaldsskólum eru ýmist nokkrir eða flestir áfangar boðnir í fjar- eða dreifnámi. Í öllum framhaldsskólum eru dæmi um að nemendur taki staka áfanga í fjarnámi, stundum við aðra skóla en þeir eru skráðir í og fá þá metna inn í námsferil sinn. Kennsluhættir eru breytilegir frá skóla til skóla en einnig innan skóla. Misjafnt er hvernig notkun upplýsingatækni og samskiptum er háttað, eins og notkun námsstjórnunarkerfa, tölvupósts, fjarfundabúnaðar eða síma. Námskröfur og námsmat er að öllu jöfnu miðað við það sem gerist í dagskólum. Í grunnskólum Vestur—Barðastrandasýslu er samvinna milli skóla um miðlun kennslu og fjarkennsla í tungumálum fer fram hjá tungumálaveri Laugalækjarskóla.

Á vefsvæði menntamálaráðuneytis um 10 skref til sóknar: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/tiuskref> má nálgast skýrslu

starfshóps um fjar- og dreifnám ásamt samantekt:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Einkenni-fjarnams.pdf>.

Menntun í mótun

Á vef menntamálaráðuneytis hefur verið birt skýrslan [Menntun í mótun: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi](#). Skýrslan er birt bæði á íslensku og ensku. Undanfarin ár hafa Íslendingar tekið þátt í verkefnum Evrópusambandsins, sem hafa yfirskriftina *Menntun og þjálfun 2010* og miða að því að bæta menntakerfi álfunnar. Vinnan fer fram í vinnuhópum um ákveðin umfjöllunarefni og er tilgangurinn einkum sá að gera þjóðunum kleift að læra hver af annarri með því að kynna það sem vel er gert. Ljóst er að taka þarf tillit til aðstæðna í hverju landi en mörg þeirra úrlausnarefna sem íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir eru þau sömu og nágrennar okkar í Evrópu eru að kljást við.

Íslendingar hafa tekið þátt í fimm verkefnum undanfarin tvö ár, en þau eru:

- Umbætur í málefnum háskóla
- Breytingar í starfi og menntun kennara
- Efling náms í stærðfræði, vísindum og tækni
- Bætt nýting upplýsingatækni í skólastarfi
- Nýjar áherslur í mati á námi-áfangamiðað nám

Snemma á síðasta ári bauðst styrkur frá Evrópusambandinu til að efna til

kynningar á þessari vinnu hér á landi. Stofnaðir voru umræðuhópar um ofangreind efni og undirbyggju þeir ráðstefnuna: Menntun í mótun: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi. Skýrslunni, sem nú hefur verið birt á vef menntamálaráðuneytis er ætlað að að gefa almennt yfirlit yfir þátttöku Íslands í stefnumótunartöku ESB í menntamálum, og gera grein fyrir stöðunni í þeim málaflokkum sem teknir voru sérstaklega til umræðu. Ráðstefnan var fjölsótt og koma athugasemdir og hugmyndir ráðstefnugesta fram í skýrslunni.



Nýr landsbókavörður

Nýr landsbókavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, tók við embætti landsbókavardar þann 1. apríl sl. Af því tilefni hélt stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns Sigrúnu Klöru Hannesdóttur landsbókaverði kveðjuhóf, en hún lét af störfum eftir fimm ára starf í safninu. Á myndinni er hún að afhenda eftirmanni sínum lykila safnsins.

